

MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Fræðsluráð

Dags: 23. nóvember 2022

Sendandi: Framkvæmdastjóri fjölskyldu- og fræðsluviðs

Málanúmer: 202203122

Efni: 80% staða sérkennslustjóra leikskóla

Á 357. fundi fræðsluráðs þann 30. mars sl. var eftirfarandi tillaga lögð fram og samþykkt:

Tillaga um að setja á fót faghóp sem falið er að fara yfir núverandi verkferla og vinna tillögur að viðmiðum um gæðastarf og bætt starfsumhverfi leikskólanna í sveitarfélaginu. Hópin skipa fræðslufulltrúi, leikskólastjórar Kirkjugerðis og Sóla og aðstoðarleikskólastjóri Víkurinnar.

Gert er ráð fyrir að hópurinn leggi fram drög að verkferlum og tillögum fyrir ráðið í október 2022.

Samkvæmt drögum sem faghópurinn skilaði til fræðsluráðs á 364. fundi þann 5. október sl. er m.a. lagt til að við leikskólana starfi sérkennslustjórar í 80% starfshlutfalli í stað leikskólasérkennara í 50% stöðu. Er þetta minnisblað sett fram til að skýra þá tillögu nánar. Samkvæmt starfslýsingu leikskólakennara (<https://www.ki.is/kjaramal-og-styrkir/kjarasamningar/felag-leikskolakennara/>) er gert ráð fyrir að viðkomandi kennari starfi á einni deild og haldi utan um einstaklingsáætlun fyrir barn/börn á þeirri deild. Starfslýsingin nær því ekki yfir þau verkefni sem þurfa að vera á könnu þess aðila sem heldur utan um sérkennslumál leikskólanna. Starf sérkennslustjóra er mun umfangsmeira en starf leikskólasérkennara skv. starfslýsingu (<https://www.ki.is/kjaramal-og-styrkir/kjarasamningar/felag-leikskolakennara/>) og uppfyllir þær kröfur sem þarf að vera hægt að gera til aðila sem heldur utan um sérkennslumál leikskólanna.

Um er að ræða 30% aukningu á starfshlutfalli sem telst nauðsynlegt þar sem nemendum hefur fjölgað í leikskólunum frá því 50% staða sérkennara var samþykkt í leikskólana. Töluvert fleiri börn þurfa sérkennslu og málörvun sem sérkennari/sérkennslustjóri í 50% stöðu nær ekki að sinna, ásamt öllu öðru, ef vel á að vera og í anda snemmtækrar íhlutunar.

Í sveitarfélögum á og í kringum höfuðborgarsvæðið er starfshlutfall sérkennslustjóra í 90 barna leikskólum á bilinu 50-100%. Hins vegar sinna sérkennslustjórar í minna starfshlutfalli eingöngu skráningu, skipulagi, eftirfylgd mála o.þ.h. og síðan eru leikskólakennarar/leiðbeinendur sem starfa með sérkennslustjóra og sinna kennsluhlutanum. Það er því sérstök staða hér í Eyjum að sérkennsluráðgjafi leikskóla sinni ýmsum verkefnum sem ættu að vera á könnu sérkennslustjóra.

Gert er ráð fyrir að sérkennslustjóri taki við eftirtöldum verkefnum af sérkennsluráðgjafa sem segja má að jafngildi 20% stöðu á hverjum leikskóla (jafnvel meira þar sem sumt hefur setið á hakanum vegna tímaskorts):

- Sérkennslu.
- Aðstoð við einstaklingsáætlanir, einstaklingsnámskrár og eftirfylgni.
- Hafa umsjón með og framfylgja þeim áherslum í kennslu sem aðrir sérfræðingar leggja áherslu á.
- Aðstoð og ráðgjöf við aðra starfsmenn leikskóla.

Að auki bætast eftirtalin verkefni við sem eru ýmist ný eða á könnu sérkennsluráðgjafa fyrir utan fyrrgreind 20%:

- Samstarf við foreldra vegna sérkennslu.
- Tengiliðahlutverk skv. farsældarlögum.
- Seta í nemendaverndarráði leikskóla.
- Seta í sérkennsluteymi leikskóla.
- Umsjón með uppeldis- og námsgögnum og gerð verkefna sem tengjast sérkennslu.
- Samstarf við sérkennsluráðgjafa m.a. vegna snemmtækrar íhlutunar, þ.e. eftirfylgni eftir skimanir sem sérkennsluráðgjafi mun sinna f.h. skólaþjónustu.

Með tilfærslum á verkefnum frá sérkennsluráðgjafa til sérkennslustjóra skapast svigrúm fyrir sérkennsluráðgjafa til að sinna nýjum verkefnum til viðbótar við þau sem verða áfram á hans könnu og eru umfangsmeiri vegna fjölgunar barna:

- Málstjórn skv. farsældarlögum og seta í málstjórategymi.
- Stýra sameiginlegu nemendaverndarráði leikskóla.
- Setja saman sérkennsluteymi leikskóla sem munu eiga fasta fundartíma og stýra því.
- Halda utan um tengiliði leikskóla.
- Þátttaka í vinnu vegna þróunarverkefnisins Snemmbær stuðningur er snýr að sérkennslu. Situr t.d. alla fundi með verkefnastjórum.
- Skipuleggja og framkvæma skimanir, þ.e. fyrirlögn, úrvinnslu, skráningu og skil til leikskóla m.t.t. eftirfylgni o.fl.
- Skipuleggja fræðslu fyrir kennara og leiðbeinendur leikskóla.

Á 365. fundi fræðsluráðs þann 2. nóvember 2022 fór framkvæmdastjóri fjölskyldu- og fræðsluviðs yfir kostnaðarmat varðandi umrædda breytingu sem er eftirfarandi:

- Kostnaður við að færa stöðu leikskólasérkennara í sérkennslustjóra (50% staða) er áætlaður um 450 – 500 þúsund á ári með framlaginu til Sóla.
- Kostnaður við að færa stöðu leikskólasérkennara í sérkennslustjóra og hækka starfshlutfallið úr 50% í 80% stöðu hækkar launakostnaðinn ásamt framlagi til Sóla um 8 - 9 milljónir.

Ath. að launamunurinn skýrist af því hvort leikskólasérkennari/sérkennslustjóri taki laun sem leikskólakennari eða sem háskólamenntaður starfsmaður innan félags leikskólakennara. Laun miðast við 9% persónuálag og 26% launatengd gjöld.